

# GRAFÍK—„SMAKKIÐ“

## UM NÁMIÐ

Námskeiðið Grafík—„Smakkið“ er undanfari námskeiðsins Grafík—Grunnur. Það er hugsað fyrir þá sem vilja „smakka“ á námi í Grafískri hönnun, kanna hvort áhugasviðið liggi þar. Það er stutt, hnitmiðað og verkefnadrifið **grunn nám í grafískri hönnun**, þar sem aðal áherslan er á notkun Adobe-hugbúnaðarins: Photoshop (myndvinnsla/pixlar), InDesign (hönnun og umbrot/samspil texta og annarra grafískra elementa), Illustrator (teikning/vektorar) og Bridge (utantumhald og aðgengi að gögnum). Markmiðið er að nemendur ráði við faglega framsetningu á auglýsinga- og kynningarefni fyrir stafræna miðla og fleira.

**Athugið:** Áskrift að hugbúnaðinum er **ekki innifalin í verði** námskeiðsins en skólinn getur haft milligöngu um ársáskrift á öllum Adobe pakkanum á góðu verði: Photoshop, InDesign, Illustrator, Bridge auk fjölda annarra forrita.

## FYRIR HVERJA

Námsleiðin er hugsuð fyrir þá sem vilja „smakka“ á námi í Grafískri hönnun, kanna hvort áhugasviðið liggi þar. Ákveðin undirstaða fyrir þá sem vilja læra að hanna auglýsinga- og kynningarefni hvort sem er fyrir netið eða prent. Einnig þá sem stefna á frekara listnám eða háskólanám í grafískri hönnun.

## MARKMIÐ

**Að loknu námi eiga þátttakendur að:**

Hafa góða grunnfærni í forritunum.

Geta nýtt gervigreindina sem hjálpartæki.

Geta hannað ýmis konar auglýsinga- og kynningarefni.

Hafa skilning á verkferlum myndvinnslu, vektora, hönnunar og umbrots.

Vera vel undirbúnir fyrir frekara nám eða störf á sviði grafískrar hönnunar.

## NOKKRIR NÁMSÞÆTTIR

### TÆKNILEGT:

Photoshop – Myndvinnsla/Pixlar

InDesign – Hönnun og umbrot/Samspil texta og annarra grafískra elementa

Illustrator – Teikning/Vektorar

Bridge – Utantumhald og aðgengi að gögnum

Gervigreindin í forritunum

### FAGLEGT Í SPJALLI OG FYRIRSPURNUM:

Hönnun

Merkjahönnun

Letur og leturfræði

Litir, litafræði og litvinnsla

Skipulag, vistun og frágangur

Verkefni

### FRAMMISTÖÐUMAT OG DIPLÓMA

Námið er góður grunnur til að byggja á. Námslínan veitir ekki starfsheitið „grafískur hönnuður“ og veitir engin bein starfsréttindi.

### ÁÆTLAÐ VINNUFRAMLAG

Kennslan er áætluð um 24 klukkustundir (um 36 kennslustundir) en nemendur sem vilja ná mjög góðum tókum á viðfangsefninu og marktækum árangri þurfa klárlega að leggja á sig eitthvað heimanám.